



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2015

Auglýsingar DV á blaðaáskrift

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til DV ehf., dags. 31. mars 2015, óskaði Neytendastofa eftir skýringum eða athugasemdum DV vegna notkunar á orðinu „frítt“ í auglýsingum á áskrift að dagblaðinu.

Í bréfi Neytendastofu sagði að í auglýsingu í helgarblaði DV 27. - 30. mars 2015 væri að finna fullyrðinguna: „*Fáðu áskrift að DV og þú færð FRÍAN iPad með áskriftinni*“. Í auglýsingunni væri jafnframt tekið fram að með því að gerast áskrifandi að DV fengist iPad spjaldtölva frítt, prentútgáfu á rafrænu formi og aðgangur að dv.is. Unnt væri að velja sér frían iPad, skuldbinda sig í 36 mánuði og greiða með kreditkort. Áskriftargjald væri hins vegar ekki tekið fram í auglýsingunni. Á vef DV, dv.is, væri að finna áskriftarleiðir dagblaðsins, þ.á.m. svonefnda *iPad áskrift* á 2.998. kr. á mánuði með skuldbindingu í 36 mánuði og *Vefáskrift 1* á 895. kr. á mánuði fyrstu þrjá mánuðina og 1.790 á mánuði eftir það. Umræddar áskriftir væru eins að undanskildum iPad að eigin vali.

Í bréfinu var greint frá því að samkvæmt 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvæði 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, væri fyrirtækjum óheimilt að lýsa einstökum þáttum í pakkatilboði með orðinu „frítt“ ef kostnaður þess þáttar væri innifalinn í verði pakkatilboðsins.

iPad áskrift DV væri pakkatilboð sem innihéldi alla þætti *Vefáskriftar 1*. Mánaðargjald *iPad áskriftar* væri aftur á móti talsvert hærra en mánaðargjald *Vefáskriftar 1*. Neytendastofa teldi þannig að líkur væru leiddar að því að neytendur væru í raun að greiða fyrir iPad spjaldtölvu þrátt fyrir að henni væri lýst með orðunum „frítt“. Notkun orðsins „frítt“ í auglýsingum DV væri því mögulega til þess fallin að brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglugerð nr. 160/2009.



2.

Engin svör bárust Neytendastofu.

3.

Neytendastofa óskaði á ný eftir skýringum eða athugasemdum DV með bréfi, dags. 14. apríl 2015. Greint var frá því að Neytendastofu væri kunnugt um að á vef DV, dv.is, hefði auglýsingum og kynningarefni dagblaðsins verið breytt með þeim hætti að í stað orðsins „frítt“ væri að finna orðin „í kaupbæti“ með kynningu á áskriftarleiðum DV.

Í bréfinu var á ný vakin athygli á ákvæðum 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005 og 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Greint var frá því að notkun DV á orðunum „í kaupbæti“ breytti ekki mati Neytendastofu sem komið hefði fram í bréfi stofnunarinnar, dags. 31. mars 2015.

4.

Engin svör bárust Neytendastofu.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita notkun DV ehf. á orðinu „frítt“ og orðunum „í kaupbæti“ í auglýsingum og kynningarefni DV á áskriftarleið dagblaðsins. Neytendastofa taldi að til álita kæmu ákvæði 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá taldi stofnunin einnig að 20. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem undir öllum kringumstæðum teljast óréttmætir, kæmi einnig til álita.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um



Óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Með heimild í 2. mgr. 8. gr. hefur ráðherra sett reglugerð nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Þar segir í 20. tl. 1. gr.:

„Eftirfarandi viðskiptahættir teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir:

20. Að lýsa vöru með orðunum „ókeypis“, „frítt“, „án endurgjalds“ eða ámóta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins.“

Samkvæmt umfjöllun í greinargerð með 8. gr. laga nr. 57/2005 miðast viðskiptahættirnir sem tilgreindir eru í reglugerðinni við þá viðskiptahætti sem tilgreindir eru í 1. viðauka tilskipunar 2005/29/EB. Listinn er tæmandi og gildir í öllum aðildarríkjunum. Í leiðbeiningum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með tilskipun 2005/29/EB kemur fram að fyrirtæki eigi ekki að lýsa einstökum þáttum í pakkatilboðum sem fríum þegar kostnaður þess þáttar er innifalinn í heildarverðinu.

2.

Í máli þessu liggur fyrir að DV hefur auglýst áskriftarleið sem inniheldur iPad spjalddölvu, prentútgáfu DV á rafrænu formi og ótakmarkaðan aðgang að vef DV og Suðurnesjavef DV. Þá liggur fyrir að DV býður einnig hefðbundna áskriftarleið sem inniheldur prentútgáfu DV á rafrænu formi og ótakmarkaðan aðgang að vef DV og Suðurnesjavef DV. Talsverður munur er á binditíma og verði áskriftarleiðanna. DV hefur lýst iPad spjalddölvunni í þessu samhengi með orðunum „frítt“ og „í kaupbæti“ auk þess sem í lýsingu áskriftarinnar segir að í henni felist „Frír iPad að eigin vali“. Nánari skoðun leiðir hins vegar í ljós að áskriftarleiðin er alls 334.9% dýrari fyrstu þrjá mánuðina og 167,5% að þeim tíma liðnum. Neytendastofa telur að á grundvelli fyrirliggjandi gagna verði ekki annað ályktað en að kostnaður vegna iPad spjalddölvunnar í áskriftarleið DV sé innifalinn í verði áskriftar.

Samkvæmt 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 er fyrirtækjum óheimilt að lýsa einstökum þáttum í pakkatilboði með orðunum „frítt“, „ókeypis“, „án endurgjalds“ eða ámóta orðalagi ef kostnaður þess þáttar er innifalinn í verði pakkatilboðsins. DV hefur því með notkun á orðinu „frítt“ brotið gegn ákvæði 20. töluliðar 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Þar sem um óréttmæta viðskiptahætti er að ræða brýtur háttsemin einnig gegn 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.



Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir kaupbætur: uppbót á kaup, fá e-ð í kaupbæti, þ.e. aukreitis, í ofanálág á hið keypta. Neytendastofa telur að orðanotkun DV feli í sér vísun til þess að spjaldtölva fái án endurgjalds ef keypt er áskrift. Ljóst er að verð umrædds áskriftartilboðs hefur ekki tekið breytingum og telur Neytendastofa að kostnaður iPad spjaldtölvu sé enn innifalinn í verði áskriftar. Neytendastofa telur notkun á orðinu „kaupauki“ í því tilviki sem greiða þarf aukreitis fyrir vöruna fela í sér óréttmæta viðskiptahætti brjóta gegn 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með 20. töluliðar 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, er með skýrum hætti kveðið á um fortakslaust bann við tilteknum viðskiptaháttum. Neytendastofa telur að DV hafi mátt vera ljóst að auglýsingarnar brytu í bága við lög. DV hefur ekki svarað erindum Neytendastofu og hefur félagið ekki gert viðunandi breytingar á auglýsingum sínum. Af ofangreindum sökum þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til framangreinds, telur Neytendastofa ástæðu til að beita heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 og leggja stjórnvaldssekt á félagið. Með notkun á orðinu „frítt“ hefur DV brotið gegn afdráttarlausu og skýru ákvæði reglugerðar um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir auk þess sem félagið hefur ekki sinnt erindum Neytendastofu og að takmörkuðu leyti gert breytingar á auglýsingum sínum. Að teknu tilliti til þessa sem og með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnvísulaga sem og sektarákvörðunum stofnunarinnar, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á DV ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjúhundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



IV.

Ákvörðunarorð:

„DV ehf., Tryggvagötu 11, Reykjavík hefur með birtingu fullyrðingarinnar „frítt“ í auglýsingum á áskriftarleið dagblaðsins DV með iPad spjaldtölvu, brotið gegn 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 20. tölulið 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

„DV ehf., Tryggvagötu 11, Reykjavík hefur með birtingu fullyrðingarinnar „í kaupbæti“ í auglýsingum á áskriftarleið dagblaðsins DV með iPad spjaldtölvu, brotið gegn 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa DV ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á DV ehf. að fjárhæð kr. 300.000 (þrjúhundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 20. apríl 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir